



Heilbrigðisráðuneyti
Síðumúli 24
108 Reykjavík
frn@frn.is
Sent á Samráðsgátt.

Reykjavík, 17. nóvember 2023

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“), fyrir hönd Félags íslenskra snyrtifræðinga (hér eftir „FÍSF“), hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs.

Innan FÍSF eru faglærðir snyrtifræðingar sem leggja sig fram um að tryggja fagmennsku, gæði, öryggi og neytendavernd í störfum sínum. FÍSF gerir alvarlegar athugasemdir við skort á eftirliti á þessu sviði, þar sem sífellt fleiri ófaglærðir hafa verið að sinna ýmsum fegrunarmeðferðum, m.a. með fylliefnum. Mikilvægt er að neytendur geti treyst því að aðilar sem framkvæma meðferðir til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs hafi til þess viðeigandi þekkingu og nauðsynleg réttindi eins og reglugerð þessi reynir að tryggja.

SI og FÍSF fagna því fyrirhugaðri reglugerð en vilja áréttta eftirfarandi:

- Í samráðsferli var staðhæft að reglugerðin kæmi ekki í veg fyrir hefðbundnar meðferðir með örnálum sem framkvæmdar eru á snyrtistofum af viðurkenndum snyrtifræðingum. FÍSF vill áréttta mikilvægi þess að slíkar meðferðir verði enn áfram heimilaðar til handa viðurkenndum snyrtifræðingum.
- Ekki er gerð athugasemd við að skilyrða aðkomu heilbrigðisstarfsfólks að tilteknum tegundum útlitsmeðferða en SI og FÍSF vilja vekja athygli á að fyrirtæki sem hafa yfir að ráða heilbrigðisstarfsfólki til að framkvæmda útlitsmeðferðir eru oft á tíðum í samkeppni við meðferðir sem veittar er á snyrtistofum. Á milli þessara aðila ríkir sá aðstöðumunur að snyrtifræðingum er gert að leggja virðisaukaskatt í hæsta skattþrepi ofan á þjónustu sína á meðan útlitsmeðferðir sem veittar eru af heilbrigðisstarfsfólki eru undanþegnar virðisaukaskatti. Óskar FÍSF eftir rökstuðningi á þessum aðstöðumun.
- Í ákvæði 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er vísað til að um notkun öflugra leysa og leysibenda og IPL-tækja við framkvæmd meðferða án læknisfræðilegs tilgangs gildi reglugerð um innflutning og notkun leysa, leysibenda og IPL-tækja nr. 171/2021. FÍSF áréttar fyrri athugasemdir og vilja koma á framfæri ítrekun félagsmanna sinna á að með þeirri breytingu á reglugerð nr. 171/2021 að fella á brott undanþáguheimild sem heimilaði löggildum snyrtifræðingum með þjálfun í notkun tækjanna, tækja sem fjölmargir snyrtifræðingar hafa fjárfest bæði tíma og fjármunum í. Birting umræddrar reglugerðar með breytingum á undanþáguheimildinni var gerð án samráðs við FÍSF og án þess að félagið fengi vitneskju um að til stæði að fella niður heimildina. Þannig varð breyting á drögum að reglugerðinni að þessu leyti eftir að upphafleg drög að henni voru kynnt. Felur umrædd breyting í sér verulega takmörkun á atvinnuréttindum snyrtifræðinga.
- Þá óskar FÍSF eftir rökstuðningi heilbrigðisráðuneytis á því hvers vegna sjúkraliðum sé gert heimilt að veita þær meðferðir sem reglugerð þessi kveður á um, undir eftirliti og á ábyrgð þeirra sem hafa heimild til í samræmi við 1. og 2. mgr. sama ákvæðis,



enda er ekki ljóst með hvaða hætti þeir standi snyrtifræðingum framar þegar kemur að fagþekkingu til að sinna meðferðum þeim sem reglugerð þessi tekur til.

SI og FÍSF þakka fyrir það að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri og vonast til frekari uppbyggilegs samtals við stjórnvöld komi til frekari breytinga á því umhverfi sem löggiltir snyrtifræðingar starfa í.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink that reads 'Erla T. Stefánsd.' in a cursive script.

Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði